

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, miðbæjarsvæði Voga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Íbúðarsvæði á miðsvæði stækkar úr 4 ha í 5,2 ha á kostnað opins óbyggðs svæðis og verslunar- og þjónustusvæðis.
2. Verslunarsvæði (V2) stækkar úr 1,5 ha í 3,7 ha á kostnað blandaðs svæðis verslunar, skrifstofa og opinberra stofnana og iðnaðarsvæðis.
3. Fyrirhugað er blandað svæði fyrir opinberar stofnanir og íbúðir, 0,5 ha að stærð, á kostnað íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.
4. Opið svæði (U7) hliðrast og afmörkun þess breytist en stærð þess helst óbreytt.
5. Verslunar- og þjónustusvæði (V1) minnkar í 0,15 ha og færir norður fyrir Vogabraut inn á iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir bensínstöð með sjálfsafgreiðslu. Aðrein verður frá Vogabraut inn á svæðið.
6. Gert er ráð fyrir tengingu safnvegjar frá miðsvæði inn á Vogabraut milli Stapavegar og Iðndals.
7. Reiðstígur austan byggðar fellur brott.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.